

Alþingi
Erindi nr. þ 130/287
komudagur 25.11. 2003

Reykjavík
24.nóvember 2003

v/130. löggjafarþing
v/Þskj. 10 – 10. mál

**Umsögn um frumvarp til laga frá
Samtökum um kvennaathvarf**

Um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningarlögum
(brottvísun og heimsóknarbann).

UMSÖGN

Samtök um kvennaathvarf lýsa fullum stuðningi við frumvarpið og hvetja eindregið til að það verði samþykkt.

GREINAGERÐ MEÐ UMSÖGN

Heimilisofbeldi er með stærstu heilsufarsvandamálum sem konur glíma við alls staðar í heiminum samkvæmt skýrslu Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar frá 2002. Ísland er þar engin undantekning en í skýrslu dómsmálaráðherra um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum frá árinu 1997 kemur fram að 14% íslenskra kvenna hafa verið beittar ofbeldi af hendi núverandi eða fyrrverandi maka og um 7% hafa verið beittar grófu ofbeldi. Það ber að hafa í huga að þessar tölur eru samkvæmt upplýsingum frá þeim konum sem hafa leitað til bráðamóttöku og gætu því verið vanmat.

Þau tuttugu ár sem Kvennaathvarfið hefur starfað hafa leitað þangað 2.421 kona í dvöl og 2.231 barn hefur fylgt þessum konum. Dvalardagar kvenna og barna eru ríflega 72.000. Að auki hafa fjölmargar konur komið í viðtöl og hringt í neyðarsímann til að leita stuðnings og aðstoðar. Samkvæmt ofangreindri rannsókn frá dómsmálaráðuneytinu leita aðeins 14% kvenna sem verða fyrir ofbeldi til Kvennaathvafsins.

Það er því ljóst að heimilisofbeldi er gríðarlegt vandamál hér á landi og engin merki eru um að það fari dvínandi. Hingað til höfum við tekið á afleiðingunum í gegnum Kvennaathvarfið og félagsþjónustuna, en minna hefur farið fyrir því að ráðast að orsökunum og uppræta með því heimilisofbeldi. Því miður fékk Karlanefnd Jafnréttisráðs ekki aukin framlög til verkefnisins „Karlar til ábyrgðar“ sem var þó mjög athyglisverð tilraun til að vinna á heimilisofbeldi með því að beina sjónum að gerendum.

Hjá Samtökum um Kvennaathvarf verðum við ítrekað varar við að fleiri en ein kona leitar til okkar vegna sama mannsins. Oft er það svo að konur losna ekki úr ofbeldissambandi fyrr en maðurinn hefur fundið sér nýja konu, en litlar líkur eru á að karlmaður sem beitir eina konu ofbeldi láti þar við sitja, ef hann þarf ekki að bera ábyrgð á gjörðum sínum og fær ekki meðferð.

Hluti af því hvernig samfélagið bregst við afleiðingum heimilisofbeldis en ekki orsökum er að fórnarlambið er aðstoðað við að flýja heimili sitt en gerandinn getur setið rólegur á sama stað. Í sumum tilvikum getur reynst erfitt fyrir fórnarlömb heimilisofbeldis að nálgast persónulega muni eftir flóttu af heimilinu, og dæmi eru um að ofbeldismaður hafi skemmt eða hent munum fórnarlambs þegar svo ber undir.

Í mörgum tilvikum þar sem um heimilisofbeldi er að ræða þarf lögreglan að hafa afskipti af heimilinu. Kvennaathvarfið á mjög gott samstarf við lögreglu og um 16-20% kvenna sem sækja í athvarfið koma í gegnum lögreglu. Það væri mikil réttarbót fyrir þessar konur að fá að vera um kyrrt á sínu heimili í stað þess að leggja á flóttu. Í þeim tilvikum er þetta frumvarp skref í rétta átt. Við hvetjum eindregið til að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Samtök um kvennaathvarf